

Punkturinn 5.tbl. 3.árg. 2012 - Fréttabréf um skattamál

Í þessu tölublaði förum við yfir nokkur frumvörp sem lögð hafa verið fyrir Alþingi til afgreiðslu, þar á meðal frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem kveður á um ýmsar breytingar á skattalögum. Þá munum við fjalla um nýlega dóma héraðsdóms og Hæstaréttar um skattaleg álítaefni, álit umboðsmanns Alþingis og úrskurð yfirskattanefndar um álagningu fjármagnstekjuskatts.

Starfsfólk Skatta- og lögfræðisviðs óskar lesendum Punktisins gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, með þökk fyrir samfylgdina á líðandi ári. Í janúar 2013 mun fyrsta tölublað nýs árs líta dagsins ljós og verður þar að finna samantekt á öllum helstu skattabreytingum sem munu gilda fyrir komandi ár.



- **Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum kveður á um hinar ýmsu breytingar á núgildandi skattalöggjöf.** Sjá nánar frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á bls. 2.
- **Frumvarp um breytingar á hinum ýmsu skattalögum sem nú liggur fyrir Alþingi kveður á um ýmsar breytingar sem flestar varða skattframkvæmd.** Sjá nánar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum á bls. 3.
- **Tillögur um breytingar á lögum um ívilnanir vegna nýjrfestinga á Íslandi kveða á um niðurfellingu ívilnunar í formi beins opinbers fjárstuðnings en á móti eru lagðar til auknar ívilnanir í formi byggðaaðstoðar tengdar sköttum og opinberum gjöldum.** Sjá nánar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/2010 á bls. 3.
- **Ellí- og hjúkrunarheimili eru ekki íbúðarhúsnæði í skilningi 2. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt og því ekki heimilt að endurgreiða þeim virðisaukaskatt líkt og um íbúðarhúsnæði væri að ræða.** Sjá nánar dóm Hæstaréttar nr. 332/2012 á bls. 3.
- **Grundvöllur er fyrir endurgreiðslu á virðisaukaskatti af gjöfum sem veittar eru í formi tækja eða búnaðar í þeim tilgangi að auðvelda sveitarfélögum að sinna lögbundinni starfsemi við þjónustu fatlaða.** Sjá nánar álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 6565/2011 á bls. 3.
- **Ekki er hægt að krefjast viðbótargreiðslna á þegar greiddum vöxtum aftur í tímann ef fullnaðarkvittun liggur fyrir og augljós aðstöðumunur er á milli aðila lánessamnings. Þá er með almennum lögum ekki mögulegt að breyta með afturvirkum hætti réttarreglum um efni skuldbindinga og greiðslur skulda frá því sem gildi þegar til þeirra var stofnað og af þeim greitt.** Sjá nánar dóm Hæstaréttar nr. 464/2012 á bls. 4.
- **Ákvörðun ríkisskattstjóra um að synja um heimild til að nýta skattkort maka ekki talin á rökum reist og án fullnægjandi lagastoðar.** Sjá nánar dóm Hæstaréttar í máli nr. E-6728/2010 á bls. 5.
- **Máli vísað frá dómi á þeirri forsendu að ágreiningurinn hefði ekki verið borin undir yfirskattanefnd og sætt úrskurði þeirrar nefndar.** Sjá nánar úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 4109/2011 á bls. 5.
- **Skattlagning vaxtatekna af kröfum eins og t.d. spariskirteinum ríkissjóðs skal skattleggja samkvæmt gildandi skattþrepi á því tímamarki sem vextir ávinnast án tillits til útgreiðslu.** Sjá nánar úrskurð yfirskattanefndar nr. 586/2012 á bls. 5.
- **J talinn vera með skattalega heimilisfesti á Íslandi þar sem hann hafði ekki tilkynnt um flutning lögheimilis fyrr en fjórum árum eftir flutninginn, talið fram eins og aðili með ótakmarkaða skattskyldu hér á landi, ætti hér fasteign og dvaldist hér á landi lengur en á B á umræddum árum.** Sjá nánar dóm Hæstaréttar í máli nr. 250/2012 á bls. 6.
- **Ólögmaet úthlutun fjár í formi láns úr félögum ber að skattleggja sem laun hjá viðtakanda. Skiptir þá engu hvort eða hvenær endurgreiðsla lánsins hefur átt sér stað.** Sjá nánar dóm Hæstaréttar í máli nr. 153/2012 á bls. 6.

Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þingskjal 602-468. mál

Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum kveður á um hinar ýmsu breytingar á nágildandi skattalöggjöf.

Fyrir Alþingi hefur nú verið lagt fram frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem kveður á um breytingar á ýmsum skattalögum. Verður hér farið í þær helstu breytingar sem lagðar eru til.

Breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988

Lagt er til að skattþrep virðisaukaskatts á útleigu hótél- og gistiherbergja og aðra gistipjónustu verði fært úr lægra skattþrepi virðisaukaskatts, þ.e. 7%, í nýtt 14% skattþrep. Gert er ráð fyrir að breytingin taki gildi frá og með 1. maí 2013.

Þá er lagt til að bráðabirgðaákvæði XV verði framlengt um eitt ár. Ákvæðið lýtur að heimild til að endurgreiða byggjendum og eigendum að fullu virðisaukaskatt vegna vinnu manna við íbúðar- og frístundahúsnæði á byggingarstað og vegna vinnu við endurbætur og viðhald þess. Að óbreyttu hefði umrædd heimild fallið úr gildi um næstu áramót og við hefði tekið reglu um 60% endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Breyting á lögum um tryggingargjald nr. 165/1990

Lagt er til að 0,1% lækkun verði á tryggingargjaldi sem yrði reiknað þannig að 0,3% hækkun verði á almennu tryggingargjaldi, úr 4,99% í 5,29%. Þannig yrði samanlagt atvinnuþryggingagjald og almannatryggingagjald 7,34%. Við það bætist 0,05% markaðsgjald til útflutningsráðs og gjald í Ábyrgðarsjóð launa sem nemur 0,3%. Að öllu þessu virtu yrði gjaldið þá 7,69% sem er lækkun um 0,1% frá núverandi tryggingargjaldi.

Breyting á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003

Lögð er til sú breyting að litið verði á tekjur af afleiðusamningum sem söluhagnað í stað vaxta að undanskildum vaxtaskiptasamningum sem taka við af breytingum á vöxtum sem undirliggjandi verðmæti. Leiðir það til þess að staðgreiðsla af afleiðuvíðskiptum fellur brott í þeim tilvikum þar sem tekjur af

afleiðusamningum teljast til söluhagnaðar. Þá er einnig lögð til breyting á 31. gr. tekjuskattslaganna sem heimilar frádrátt slíks söluhagnaðar ásamt hagnaði af sölu hlutabréfa frá tekjum lögaðila. Tap umfram söluhagnað heimilast ekki sem frádráttur frá tekjum og myndar þar af leiðandi ekki yfirfæranlegt tap. Þannig verði heimilt að draga sölutap afleiðusamninga frá söluhagnaði ársins þar sem undirliggjandi verðmæti eru hlutabréf og færa mismuninn til tekna.

Þá er lögð til sú breyting að tekjur af vaxtaskiptasamningum muni teljast til vaxtatekna hvort sem þær tengjast atvinnurekstri eða einstaklingum utan rekstrar.

Einnig er lagt til að skattskylda erlendra aðila af vaxtatekjum verði felld brott frá og með 1. janúar 2013.

Hvað vaxta- og barnabætur varðar er lagt til að tímabundin hækkun á vaxtabótum verði framlengd um eitt ár. Þá er lögð til hækkun á viðmiðunarfrjárhæð barnabóta sem komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2013. Vegna barna yngri en 7 ára munu bætur hækka úr kr. 61.191 í kr. 100.000. Þá er lagt til að tekjuskerðingamörk verði hækkuð úr kr. 3.600.000 í kr. 4.800.000 á ári hjá foreldrum í sambúð og úr kr. 1.800.000 í 2.400.000 á ári hjá einhleypu foreldri. Einnig er lagt til að upphæðir barnabóta (annarra en bóta vegna barna undir 7 ára) verði hækkaðar um 10%. Skerðingarhlutföll bótanna haldast þó óbreytt.

Þá eru lagðar til breytingar á tekjuskatti aðila með takmarkaða skattskyldu sbr. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um tekjuskatt. Lagt er til að tekjuskatturinn hækki úr 10% í 20% í tilvikum einstaklinga en verði 18% í tilvikum lögaðila vegna tekna af afleiðusamningum að undanskildum vaxtaskiptasamningum.

Breyting á lögum um fjársýsluskatt nr. 165/2011

Lagt er til að sérstaki fjársýsluskatturinn haldist óbreyttur en að skatthlutfall almenna fjársýsluskattsins hækki úr 5,45% í 6,75%.

Breyting á lögum um umhverfis- og auðlindaskatta nr. 129/2009

Lagt er til að gjaldtakan samkvæmt lögumum verði varanleg hvað kolefnisgjald og gjald af sölu á heitu vatni varðar, en að raforkuskatturinn líði undir lok í núverandi mynd eftir þrjú ár. Þá er einnig lagt til að

gjaldið verði lagt á gas af jarðefnauppruna til viðbótar við þær tegundir eldsneytis sem bera kolefnisgjald í dag en að gjaldið verði felt niður af þotu- og flugvélaeldsneyti. Þá er miðað við að raforkuskattur hækki í takt við verðlag, en kolefnisgjald og gjald af sölu á heitu vatni haldist óbreytt.

Breyting á lögum um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl. nr. 29/1993

Lagt er til að afsláttur bílaleiga af vörugjaldi minnki um helming og tekur breytingin gildi frá og með 1. janúar 2013.

Breyting á lögum um áfengi og tóbak nr. 96/1995

Lagt er til að tóbaksgjald hækki um 20% eða um nálægt 15% af raungildi. Einnig er lagt til að gjald á neftóbaki verði tvöfaldað.

Breyting á lögum um skylduþryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997

Lagt er til að heimilt verði að sækja um að fá greiddan út séreignasparnað að ákveðnu marki, samanlagt allt að kr. 6.250.000 á tímabilinu 1. janúar 2013 fram til 1. janúar 2014.

Í frumvarpinu er einnig kveðið á um breytingar á ýmsum lögum er varðar hækkun á krónutöluskóttum og gjaldskrá í takt við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins. Í því sambandi mun fara fram hækkun á almennu og sérstöku vörugjaldi á bensíni svo og oliugjalds, kílómetragjalds og bifreiðagjalds. Jafnframt því er lagt til að gjald á áfengi hækki um 4,6% og að gjald vegna útgáfu á vegabréfa og annarra sambærilegra skjala hækki um 6-7%.

Þá mun útvarpsgjaldið hækka um 900 krónur og verða kr. 19.700 á hvern gjaldanda.

Að auki er lagt til að tímabundnar undanþágur frá greiðslu stimpilgjalds þegar skilmálum fasteignaveðskuldabréfa er breytt eða ný veðskuldabréf eru gefin út til uppgreiðslu vanskila verði framlengdar til ársloka 2013. Framlengingin mun einnig ná til greiðslu stimpilgjalda vegna skilmálabreytinga bílálána.

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, þingskjal 101-101. mál

Frumvarp um breytingar á hinum ýmsu skattalögum sem nú liggur fyrir Alþingi kveður á um ýmsar breytingar sem flestar varða skattframtæmd.

Fyrir Alþingi liggur nú til meðferðar frumvarp þar sem lagðar eru til ýmsar breytingar á skattalögum er flestar varða framkvæmdarleg atriði.

Hvað varðar breytingar á tekjuskattslögum er í fyrsta lagi lagt til að í þeim tilvikum þar sem einungis annað hjóna er skattskyld hér á landi skuli ákvarða vaxtabætur eftir þeim reglum sem gilda um hjón, enda liggja fyrir tekjur beggja. Í öðru lagi er lagt til að mönnum með takmarkaða skattskyldu hér á landi verði heimilt að draga leigugreiðslur af íbúðarhúsnæði erlendis frá leigutekjum af íbúðarhúsnæði hér á landi, áður en til skattlagningar leigutekna kemur. Þá er í þriðja lagi lagt til að við bráðabirgðaákvæði XL verði bætt við nýjum málslið sem kveður á um að við endurreikning á ólögætum vöxtum gengistryggðra húsnæðis- og bílalána einstaklinga utan atvinnurekstrar, sbr., dóm Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 þar sem dæmt var að fjármálafyrirtæki gætu ekki krafist mismunar á óverðtrygðum Seðlabanka-vöxtum og samningsvöxtum fyrir tímabil þar sem fullnaðarkvittum eða ígildi hennar lægi fyrir, skulu breytingar sem á vöxtum sem ákvarðaðar eru af þessum sökum á árunum 2012-2013 ekki teljast til tekna. Breytingin miðar að því að tryggja að endurreikningur vaxta af þessum lánum hafi ekki skattaleg áhrif og að ekki komi til endurákvörðunar vaxtabóta af þeim sökum.

Þá er kveðið á um breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda þar sem skýrar verður kveðið á um skyldu milligönguáðila til að halda eftir staðgreiðslu. Að auki er gerð tillaga um breytingu á lögum um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjur sem kveður á um skyldu skilaskyldra aðila til að sundurliða skilgreinar til skattyfirvalda svo rekja megi afdregna staðgreiðslu til þeirra sem eru greiðendur skattsins. Breytingunni er ætlað að auðvelda skattaeftirlit og afstemmingu.

Frumvarpið kveður einnig á um breytingar á lögum um tryggingargjald þar sem lagt er til að gjalddagi álagðs tryggingargjalds lögaðila verði færður frá 1. ágúst til 1. nóvember í ljósi þess að álagning lögaðila fer fram í október. Þá er gerð tillaga um þær breytingar á lögum um erfðafjárskatt að skylda ríkisskattstjóra til að tilkynna erfingjum um lok yfirferðar erfðafjársskýrslu verði felld niður.

Að lokum er lagt til að í lögum um gjald af áfengi og tóbaki verði breytingar gerðar á skilgreiningu á tóbaki sem miðar að því að tóbaksgjald falli einungis á vörur sem innihalda tóbak.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi

Tillögur um breytingar á lögum um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi kveða á um niðurfellingu ívilnunar í formi beins opinbers fjárstuðnings en á móti eru lagðar til auknar ívilnanir í formi byggðaaðstoðar tengdar sköttum og opinberum gjöldum.

Lagt hefur verið fram frumvarp á Alþingi sem kveður á um breytingar á ívilnunum vegna nýfjárfestinga á Íslandi. Með frumvarpinu er lagt til að heimild til veitingar ívilnana í formi beins opinbers fjárstuðnings, þ.e. stofnfjárstyrkja verði felld úr gildandi lögum. Er því lagt til að ákvæði um stofnfjárstyrk verði felld brott en lagt til að ívilnanir í formi byggðaaðstoðar tengdar sköttum og opinberum gjöldum verði auknar frá því sem nú er.

Helstu breytingarnar eru þær að í fyrsta lagi er lagt til að tekjuskattshlutfall félaga vegna fjárfestingarverkefnis sem fellur undir lögin, verði 18% í stað 20% eins og nú er. Í öðru lagi er lagt til undanþága frá stimpilgjöldum í stað greiðslu 0,15% eins og nú er. Í þriðja lagi er lagt til hærri afsláttur af fasteignaskatti eða 50% í stað 30%. Þá er í fjórða lagi lagður til hærri afsláttur af almennu tryggingargjaldi en nú er eða 50% í stað 20%.

Dómur Hæstaréttar nr. 332/2012 frá 11. júní 2012, Grund, elli- og hjúkrunarheimili gegn íslenska ríkinu

Ellí- og hjúkrunarheimili eru ekki íbúðarhúsnæði í skilningi 2. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt og því ekki heimilt að endurgreiða þeim virðisaukaskatt líkt og um íbúðarhúsnæði væri að ræða.

Ágreiningurinn snerist um hvort Grund, elli- og hjúkrunarheimili ætti rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kostnaðar við endurbætur og breytingar á húsnæði sínu að Hringbraut 50 í Reykjavík, á árinu 2009 á grundvelli 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og bráðabirgðaákvæðis XV í sömu lögum. Í dómnum var tekist á um það hvort Grund væri íbúðarhúsnæði í skilningi framangreinds ákvæðis. Með bráðabirgða-ákvæðinu var aukið tímabundið endurgreiðslu- hlutfall við endurbætur á íbúðarhúsnæði. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að húsnæði Grundar væri ekki íbúðarhúsnæði í skilningi ákvæðisins, heldur þjónustustarfsemi. Hæstiréttur Íslands staðfesti þessa niðurstöðu ásamt þeim ummælum að tilgangur lagasetningarinnar hafi verið sá að koma til móts við húsbýggjendur í erfiðleikum, sporna við svartri atvinnustarfsemi ásamt því að hvetja til aukinnar starfsemi á atvinnumarkaði.

Álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 6565/2011. Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna tækja og búnaðar sem mannúðar- og líknarstofnanir fá að gjöf

Grundvöllur er fyrir endurgreiðslu á virðisaukaskatti af gjöfum sem veittar eru í formi tækja eða búnaðar í þeim tilgangi að auðvelda sveitarfélögum að sinna lögbundinni starfsemi við þjónustu fatlaða.

Í álitinu þessu fjallar umboðsmaður Alþingis um úrskurð ríkistollanefndar þar sem staðfestur var úrskurður tollstjóra um að synja A um endurgreiðslu virðisaukaskatts af tveimur lyftum sem hún gaf sveitarfélagi til nota í sundlaug. Umræddar lyftur voru ætlaðar sundlaugargestum og þeim sem búa við skerta hreyfigetu.

Álitaefnið var hvort lyfturnar gætu fallið undir undanþáguákvæði laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en í ákvæðinu sem um ræðir kemur fram að endurgreiða skuli virðisaukaskatt af tækjum og búnaði sem mannúðar- og líknarstofnanir fá að gjöf eða kaupa fyrir styrkfé, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi. Undanþága þessi hefur verið útfærð í reglugerð nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi. Er þar kveðið á um að tæki, búnaður og aðrar fjárfestingarvörur, sem gefnar eru til nota í starfsemi sjúkra-, umönnunar – og meðferðarstofnana, dvalar – og vistheimila og samþýla fyrir fatlaða, greiningarstöðva, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi, slysavarnarfélag, björgunarsveita, Rauða krossins og aðila sem hafa með höndum sambærilega starfsemi, séu undanþegnar aðflutningsgjöldum.

Í áliti umboðsmanns kemur fram að við túlkun og beitingu skattundanþágunnar yrði að líta heildstætt á eðli þeirra tækja eða búnaðar sem gefin væru samhliða mati á því hvar sá búnaður skyldi notaður. Þá yrði af reglugerðarákvæðinu ráðið að einnig bæri að horfa til þess í hvaða tilgangi tæki væru gefin til þess aðila sem um ræddi. Í álitinu segir að ótvírætt væri að lyfturnar sem A gaf sveitarfélaginu væru aðeins ætlaðar þeim sem væru fatlaðir eða með skerta hreyfigetu. Það hefði einnig verið tilgangur gjafagerningsins að veita fötludum einstaklingum betra tækifæri til að stunda sundlaugina sér til heilsuþótar. Umboðsmaður tekur fram að sveitarfélag hefðu á hendi ýmsar skyldur til að veita fötludum og öldrudum einstaklingum tiltekna þjónustu þeim til hagsbóta. Sveitarfélag þyrftu að hafa svigrúm til að meta hvort og þá með hvaða hætti slík þjónusta skyldi veitt og hvort og hvernig fært væri að nýta almennar stofnanir sveitarfélagsins í þeim efnum. Umboðsmaður rekur að ákvæði laga um félagsþjónustu gerðu ráð fyrir að fötludum skyldi veitt þjónusta á almennum stofnunum sveitarfélags eftir því sem unnt væri og við ætti. Það væri því í samræmi við þessar lögbundnu skyldur að sveitarfélag ákvæði að nýta almennar stofnanir sínar á borð við sundlaugar í þágu fatlaðra. Væri það gert yrði að telja að sá hluti starfsemi almennra stofnana sveitarfélaga gæti sem slíkur fallið undir undanþáguákvæði reglugerðar nr. 630/2008. Að mati umboðsmanns þyrfti því að túlka viðeigandi ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla á þann hátt að grundvöllur væri fyrir endurgreiðslu á virðisaukaskatti af gjöfum sem veittar væru í formi tækja eða búnaðar

í þeim tilgangi að auðvelda sveitarfélögum að sinna slíkri lögbundinni starfsemi.

Niðurstaða umboðsmanns var því sú að ríkistollanefnd hefði ekki fært fram lögmæt sjónarmið til stuðnings þeirri niðurstöðu að staðfesta ætti úrskurð tollstjóra um synjun á endurgreiðslubeiðni A. Úrskurðurinn var því ekki í samræmi við lög að mati umboðsmanns. Mæltist hann til þess að mál A yrði tekið til nýrrar afgreiðslu kæmi fram ósk um það frá A. Þá ætti að leysa úr málinu í samræmi við sjónarmið þau sem fram komu í álitinu. Beindi umboðsmaðurinn einnig þeim tilmælum til ríkistollanefndar að hafa umrædd sjónarmið framvegis í huga við úrlausn sambærilegra mála.



Dómur Hæstaréttar nr. 464/2012 frá 18. október 2012, Borgarbyggð gegn Arion banka hf.

Ekki er hægt að krefjast viðbótargreiðslna á þegar greiddum vöxtum aftur í tímann ef fullnaðarkvittun liggur fyrir og augljós aðstöðumunur er á milli aðila lánessamnings. Þá er með almennum lögum ekki mögulegt að breyta með afturvirkum hætti réttarreglum um efni skuldbindinga og greiðslur skulda frá því sem gildi þegar til þeirra var stofnað og af þeim greitt.

Ágreiningur máls þessa varðaði uppgjör lánessamnings með ólögmætri gengistryggingu. Arion banki endurreiknaði skuldbindinguna í samræmi við 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 16. september 2010 í máli nr. 471/2010. Útreikningurinn tók mið af því að bankinn ætti kröfu á hendur Borgarbyggð aftur í tímann vegna vaxta ákvörðuðum í samræmi við framangreint, að fráregnum LIBOR-vöxtum auk vaxtaálags samkvæmt lánessamningnum. Endurreikningurinn fór fram á grundvelli þeirrar meginreglu kröfuréttar um að kröfuhafi, sem fengið hefur minna greitt en hann átti rétt til í lögskiptum aðila, eigi viðbótarkröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er.

Borgarbyggð taldi sér óskylt að greiða þann vaxtamun með vísan til undantekningarreglu sem kveður á um að fullnaðarkvittun kröfuhafa geti að vissum skilyrði fullnægðum valdið því að hann glati frekari kröfu, enda hefði hver og ein greiðsla hans á lánstímanum falið í sér fullnaðargreiðslu af hans hálfu. Af þeim sökum

krafðist Borgarbyggð viðurkenningar á að eftirstöðvar skuldarinnar næmu ákveðinni fjárhæð sem miðaði við þær forsendur.

Með vísan Borgarbyggðar til undantekningarreglunnar kemur fram í dómi Hæstiréttar, að í málinu þyrfti að kanna hvort að ákveðin skilyrði væru uppfyllt, á sama hátt og gert var í dómi Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011, svo undantekning frá meginreglunni gæti ráðið niðurstöðu málsins. Skilyrðin eru þau að fullnaðarkvittun vegna greiðslna liggja fyrir og að aðstöðumunur teljist vera á aðilum lánessamnings. Komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að greiðslutilkynningar og fyrirvaralaus móttaka á greiðslum í samræmi við þær tilkynningar hefðu jafngilt fullnaðarkvittunum. Jafnframt því taldi Hæstiréttur að augljós aðstöðumunur hefði verið á lántaka og lánveitanda við lántökuna.

Þá kemur fram í máli dómsins að þótt ekkert þeirra atriða, sem að framan greinir, geti ráðið úrslitum eitt og sér, verður að líta svo á þegar þau eru öll virt í heild að það stæði bankanum nær að bera þann vaxtamun sem af hinni ólögmætu gengistryggingu hlaut og að hinn rangi lagaskilningur aðila, sem lá til grundvallar lögskiptum þeirra, yrði í uppgjöri einungis leiðréttur til framtíðar. Arion banki gæti því ekki krafist Borgarbyggð um viðbótargreiðslur vegna þegar greiddra vaxta aftur í tímann.

Að auki taldi Hæstiréttur að lög nr. 151/2010 gætu ekki haggð framangreindri niðurstöðu um uppgjör milli aðila, enda væri ekki með almennum lögum unnt að hrófla með afturvirkum hætti við réttarreglum um efni skuldbindinga og greiðslur skulda frá því sem gildi þegar til þeirra var stofnað og af þeim greitt, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinna.

Hæstiréttur féllst því á réttmæti aðferðar Borgarbyggðar við endurútreikning lánsins, að afborganir af höfuðstól skuldar, sem sveitarfélagið innti af hendi til og með þess dags sem Arion banki miðaði útreikning sinn við, kæmu að fullu til frádráttar höfuðstól lánsfjárhæðarinnar, sem hvorki bæri gengistryggingu né annars konar verðbætur, og að fjárhæð greiddra vaxta hefði engin áhrif þar á enda teldust þeir að fullu greiddir vegna þessa tímabils. Var því aðalkrafa Borgarbyggðar tekin til greina.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-6728/2010 - Atli Gunnarsson gegn íslenska ríkinu

Ákvörðun ríkisskattstjóra um að synja um heimild til að nýta skattkort maka ekki talin á rökum reist og án fullnægjandi lagastoðar.

Ágreiningur þessa máls fjallaði um það hvort stefnandi málsins (A) ætti rétt á að draga persónuafslátt maka frá reiknuðum skatti. Málavextir voru þeir að stefnandi og eiginkona hans fluttust til Danmerkur á árinu 2004 og bjuggu þar til ársins 2009 þegar þau fluttust aftur til Íslands. A bar takmarkaða skattskyldu hér á landi vegna lífeyrisgreiðslna og átti því rétt á persónuafslætti í samræmi við 3. mgr. 2. tölul. 70. gr. tekjuskattslaga. Eiginkona A hafði hins vegar engar tekjur frá Íslandi. A greiddi skatta á Íslandi allan tímann og sótti um að fá að nýta skattkort makans en því var synjað á árinu 2007. Synjunin var byggð á þeirri forsendu að persónuafsláttur væri einungis millifæranlegur í þeim tilvikum þegar bæði hjóna væru lífeyrisþegar og skattskyld á Íslandi samkvæmt tekjuskattslögum.

A leitaði til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) með kæru á árinu 2008 vegna ákvörðunar Ríkisskattstjóra. Álit stofnunarinnar lá fyrir á árinu 2010 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að eins og málið lægi fyrir hefði íslenska ríkið með því að neita að millifæra persónuafslátt milli hjóna sem byggju í Danmörku brugðist skyldum Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Þrátt fyrir álit ESA hafnaði Ríkisskattstjóri að taka upp mál A á þeim forsendum að álit ESA væri einungis fyrsta stig í hugsanlegum málarekstri stofnunarinnar og gæti ekki verið grundvöllur þess að tekin yrði afstaða til kröfu stefnanda og teldist hún því ótímabær.

A höfðaði því mál þetta til ógildingar á ákvörðun ríkisskattstjóra frá árinu 2007. Í dómi héraðsdóms segir að við túlkun á 3. mgr. 2. tölul. 70. gr. tekjuskattslaganna þyrfti að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem ákvæði EES-samningsins eru reist á og útskýrð í álitu ESA til þess að unnt væri að komast að rökrétti og löglegri niðurstöðu um skattalega stöðu A og lagaheimild hans til að nýta persónuafslátt maka. Að mati dómsins var ákvörðun ríkisskattstjóra ekki á nægum rökum reist og taldist því ekki hafa fullnægjandi lagastoð. Féllst dómurinn því á kröfur A og

var ákvörðun ríkisskattstjóra um að synja A um heimild til að nýta persónuafslátt eiginkonu sinnar felld úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4109/2011 - Uppheimar ehf. gegn íslenska ríkinu

Máli vísað frá dómi á þeirri forsendu að ágreiningurinn hefði ekki verið borinn undir yfirsattanevnd og sætt úrskurði þeirrar nefndar.

Í máli þessu voru málavextir þeir að á árinu 2007 gerði P reikning til U vegna gerð bókar. Var 24,5% virðisaukaskatti bætt við höfuðstól reikningsins. Með bréfi U til P í kjölfar reikningsins óskaði hann eftir því að reikningurinn yrði bakfærður og nýr reikningur gefinn út með 7% virðisaukaskatti. Að öðrum kosti yrði reikningsfjárhæðin greidd með fyrirvara um réttmæti krafins virðisaukaskatts. P hafnaði beiðni U og vísaði í því sambandi til afstöðu skattfyrivalda frá árinu 2007. Myndi P taka afstöðu til endurgreiðslukröfu U síðar enda gæti félagið fyrir sitt leyti tekið undir athugasemdir U. Með bréfi til Tollstjórans gerði K, móðurfélag P fyrirvara um greiðslu virðisaukaskatts félagsins vegna framangreindrar kröfu U. P endurgreiddi U mismun virðisaukaskattsins sem nam kr. 130.382.- í byrjun árs 2008.

Í máli þessu krafðist U, sem kaupandi þjónustu af P að íslenska ríkið greiddi honum þá fjárhæð sem K, móðurfélag O hefði átt að greiða minna í virðisaukaskatt vegna hinnar veittu þjónustu ef hún hefði borið 7% virðisaukaskatt í stað 24,5%, enda hafi stefnandi greitt of hátt verð fyrir þjónustuna sem því næmi.

Í dómi héraðsdóms kemur fram að í 5. mgr. 29. gr. laga um virðisaukaskatt komi fram að ágreining um skattskyldu á skatthæð megi bera undir dómstóla, enda hafi áður verið um hann úrskurðað af yfirsattanevnd. Þegar ákvæði laga um virðisaukaskatt væru skýrð saman sýndist dóminum svo að einungis hinn skattskyldi aðili sjálfur, í þessu tilviki seljandi þjónustunnar, K, vegna P, gæti átt aðild að ágreiningi um það hvernig álagningu virðisaukaskatts á þjónustu skuli háttáð. Þá kemur fram að ágreiningur sá sem til umfjöllunar var í málinu hefði ekki sætt meðferð yfirsattanevndar og því hafi ekki gengið um hann úrskurður þeirrar nefndar eins og áskilið er í fyrrgreindu ákvæði

virðisaukaskattslaganna. Af þeirri ástæðu yrði ágreiningurinn ekki borinn undir dómstóla og var málinu því vísað frá.

Úrskurður yfirsattanevndar nr. 586/2012 um fjármagnstekjuskatt og viðbrögð embætti ríkisskattstjóra við niðurstöðu nefndarinnar

Skattlagning vaxtatekna af kröfum eins og t.d. spariskírteinum ríkissjóðs skal skattleggja samkvæmt gildandi skattþrepi á því tímamarki sem vextir ávinnast án tillits til útgreiðslu.

Þann 28. nóvember 2012 kvað yfirsattanevnd upp þrjá úrskurði sem fjalla um skattlagningu fjármagnstekna sem innleystir höfðu verið á árinu 2010 en áunnist að hluta á fyrri árum þegar gildandi skattglutfall vegna slíkra tekna var lægra. Verður hér fjallað um úrskurð nr. 586/2012.

Í máli þessu var deilt um ákvörðun fjármagnstekjuskatts af vaxtatekjum vegna sölu kæranda á spariskírteinum ríkissjóðs og hlutdeildarskírteinum á árinu 2010. Vaxtatekjurnar voru skattlagðar á 18% skattþrepi fjármagnstekjuskatts við álagningu gjaldárið 2011.

Í úrskurði yfirsattanevndar er fallist á að skattleggja bæri vaxtatekjur af spariskírteinum ríkissjóðs samkvæmt gildandi skattþrepi á þeim tíma sem vextir féllu. Því átti að skattleggja þær vaxtatekjur af spariskírteinum sem féllu til frá 1. janúar 1997 til og með 30. júní 2009 í 10% skattþrepi og tekjur frá 1. júlí 2009 til 31. desember 2009 í 15% skattþrepi.

Hins vegar var ekki fallist á að hið sama skyldi gilda um innlausn hlutdeildarskírteina. Að mati yfirsattanevndar gætu ekki umræddar tekjur, þ.e. gengishækkun skírteinanna á eignarhaldstíma kæranda, að neinu leyti talist áfallnar fyrr en við innlausn skírteinanna á árinu 2010.

Á vef ríkisskattstjóra segir að embættið hafi nú til athugunar hvernig bregðast þurfi við niðurstöðu yfirsattanevndar, þ.e. hvort taka þurfi upp álagningu fjármagnstekjuskatts samkvæmt skattframtölum 2011 og 2012 að því er varðar vaxtatekjur af kröfum, s.s. spariskírteinum ríkissjóðs, sem áunnist hafa á mörgum árum.

Að lokinni þeirri athugun verður gerð grein fyrir framhaldi málsins á vefsíðu embættisins. Þá veur ríkisskattstjóri athygli á að úrskurðir yfirséðar staðfesta óbreytta framkvæmd á skattlagningu fjármagnstekna vegna hlutdeildarskírteina, þ.e. að við skattlagningu á ávinningi af slíkum viðskiptum skuli miða við gildandi skatthlutfall þegar sala þeirra fer fram.

Hæstaréttardómur nr. 250/2012 - Jón Ólafsson gegn íslenska ríkinu

J talinn vera með skattalega heimilisfesti á Íslandi þar sem hann hafði ekki tilkynnt um flutning lögheimilis fyrr en fjórum árum eftir flutninginn, talið fram eins og aðili með ótakmarkaða skattskyldu hér á landi, ætti hér fasteign og dvaldist hér á landi lengur en á B á umræddum árum.

Í máli þessu krafðist J þess að ógiltur yrði úrskurður ríkisskattstjóra frá árinu 2003 um að hann hefði skattalegt heimilisfesti á Íslandi og bæri því fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi allt árið 1998 og áfram uns annað yrði ákveðið.

Málavextir eru þeir að árið 2002 tilkynnti ríkisskattstjóri J að rannsókn væri hafin á skattskilum hans vegna tekjuáranna 1996 til 2001. Síðla árs 2001 barst þjóðskrá tilkynning frá J um að hann og fjölskylda hans hefðu lögheimili á Bretlandi frá árinu 1998. Var breyting þessa efnis skráð í þjóðskrá.

Í dómi Hæstaréttar er tekið fram að það sé mat dómsins að ríkisskattstjóri hafi ekki verið bundinn af því hvar lögheimili J hefði verið skráð í þjóðskrá á því tímabili sem um ræddi né af tilkynningu J um flutning sinn til þjóðskrár, heldur skipti fyrst og fremst máli hvar hann hafi haft fasta búsetu á tímabilinu. Það yrði þó ekki litið framhjá þeirri staðreynd að J tilkynnti ekki um breytt lögheimili þegar hann að eigin sögn flutti lögheimili sitt til útlanda, heldur fyrst fjórum árum síðar. Þá hafi J talið fram til skatts hér á landi allt til ársins 2001. Í ágúst 2002 skilaði hann fyrst skattskýrslu þar sem hann tók fram að hann væri með skattalegt heimilisfesti á Bretlandi og teldi þar fram. J ætti einnig fasteign hér á landi þar sem hann bjó að jafnaði þegar hann dvaldi hér á landi.

Hafi hann sjálfur skýrt frá því í blaðaviðtali að hann og fjölskylda hans héldu heimili hér á landi. Jafnframt var upplýst að J dvaldi lengur á Íslandi umrædd ár en í B. Með vísan til alls framangreinds féllst Hæstiréttur á að J hafi verið heimilisfastur á Íslandi og borið fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi frá því í september 1998 til desember 2001.

Hæstaréttardómur nr. 153/2012 - Íslenska ríkið gegn Stefáni Ingvari Guðjónssyni

Ólögmaet úthlutun fjár í formi láns úr félögum ber að skattleggja sem laun hjá viðtakanda. Skiptir þá engu hvort eða hvenær endurgreiðsla lánsins hefur átt sér stað.

Málavextir voru þeir að S var framkvæmdastjóri og stjórnarmaður einkahlutafélags en hann átti jafnframt allt hlutfé fyrirtækisins. Við uppgjör rekstrarársins 2005 skuldaði hann fyrirtækinu kr. 1.812.494 og í lok rekstrarársins 2006 kr. 5.896.547 og hafði því skuldin aukist á milli ára um kr. 4.084.053. Þegar stefnandi seldi fyrirtækið á árinu 2007 lækkaði verð fyrirtækisins sem nam skuld hans, en á móti átti hann einnig kröfu á fyrirtækið og var jafnframt tekið tillit til þess við uppgjör á sölu félagsins.

Framangreind lán höfðu verið veitt á mismunandi tímum, ekki vaxtareiknuð og ekki hafi verið fyrirfram gefinn gjaldtagi. Endurgreiðsla hefði verið krafist af félaginu á árinu 2007 og þá hafi verið gert upp. Lánin voru því endurgreidd áður en skattyfirvöld gerðu athugasemdir við lánveitingarnar.

Opinber gjöld S í skattframtölum vegna árána 2006 og 2007 voru endurákvörðuð á þeim forsendum að fjárhæðir sem S hafði fengið að láni frá S ehf. bæri að skattleggja sem laun S samvæmt 1. tölul. 1. mgr. A. liðar 7. gr. laga um tekjuskatt. Töldust lánveitingarnar andstæðar 73. og 79. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Úrskurður ríkisskattstjóra vegna endurálgningarinnar var staðfestur af yfirséðar nefnd en hins vegar hafði Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. E-7596/2010 komist að þeirri niðurstöðu að skattlagning umræddra lána væri brot á stjórnarskrárbundnum eignarétti S.

Í niðurstöðu Hæstaréttar vísar dómurinn m.a. til þess að markmið framangreindra lagaákvæða hefði verið að stemma stigu við ólögmaetri úthlutun fjár í formi láns úr félögum og að endurgreiðsla láns hefði engin áhrif á skattskyldu slíkra lána. Dómurinn féllst ekki á að skattlagningin bryti í bága við 65. gr. og 72. gr. stjórnarskrárinnar, enda yrði að jafna lögjafanum viðtækt vald til að ákveða hvaða atriði valdi skattskyldu. Var niðurstaða ríkisskattstjóra því staðfest.



**Frekari upplýsingar**

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir,
sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte

Ritstjóri:

Pétur Steinn Guðmundsson, lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.